

Nd.

541. Breytingartillögur

[164. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá Einari Olgeirssyni.

1. Á eftir 1. gr. komi nýjar greinar, svo hljóðandi:

- a. (2. gr.) 31. gr. laganna falli burt.
- b. (3. gr.) 32. gr. laganna falli burt.
- c. (4. gr.) 33. gr. laganna falli burt.

2. Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Við bráðabirgðaákvæði laganna skal bætast nýr liður, er verði h-liður og orðist svo:

Vegna lögbindingar á fiskverði til hlutarsjómannanna í 25. gr. laganna ákveður Alþingi að kjósa fimm manna nefnd til þess að rannsaka, hvaða orsakir liggi til þess, að fiskverð til sjómanna í Noregi er miklu hærra en fiskverð til útgerðarmanna hér á landi og enn miklu hærra en fiskverð það, sem íslenskum hlutarsjómönnum er nú skammtað með lögum. Það fellur m. a. undir rannsóknina að ganga úr skugga um hvers konar sölukostnað og umboðslaun svo og stofnkostnað og rekstrarkostnað sölu- og dreifingarkerfa, er íslenskir aðilar hafa komið upp erlendis, og yfirleitt allt það, sem orðið getur til að skýra að fullu þann mikla mismun, sem er á fiskverði til íslenskra og norskra fiskimanna.

Nefndin skal meðal annars hafa vald til þess að heimta skýrslur af embættismönnum og öðrum. Að rannsókn lokinni skal nefndin gefa sjávarútvegsmálaráðuneytinu ýtarlega skýrslu um störf sín og niðurstöður.